



Fundargerð stjórnar (6)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 19. maí 2021 og hófst kl. 16:00.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir, Matthías Matthíasson og Guðmundur Kristjánsson. Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

Hjallastefnan ehf

1. Fundargerð frá 05.05.21 staðfest.

2. Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra

KDP kynnti skýrslu sína sem er aðgengileg með öðrum gögnum fundarins.

Hjallastefnan - grunnskólar ehf

3. Framtíð Barnaskólans í Reykjavík

a. Erindi til borgarráðs

HJ kynnti fyrstu drög að erindi Hjallastefnunnar til borgarráðs. Það lýtur bæði að framtíð Barnaskólans og leikskólans Öskju á svæðinu. Ákveðið að drögin verði kynnt stjórnendum, fulltrúum starfsfólks og fulltrúum foreldra og óskað verði eftir tillögum þeirra og framlagi inn í erindið. *HJ og KDP falið að fylgja ákvörðuninni eftir.*

b. Samstarf við foreldra

KDP kynnti stjórn að formaður foreldrafélagsins í Barnaskólanum hafi verið valinn talsmaður fyrir foreldra. Yfir 30 foreldrar hafa lýst yfir áhuga á að leggja af mörkum til að tryggja framtíð barnaskólans á svæðinu. Foreldrarnir ætla að funda og velja í teymi til að vinna með stjórn og stjórnendum að erindinu til borgarráðs og eftirfylgni með því. Miðstöð verður vettvangur fyrir samstarf foreldra að þessu máli.

KDP falið að finna samtalinu og samvinnunni við foreldra farveg.

c. Samningur við Háskólann í Reykjavík

Ganga þarf frá undirskrift samnings við Háskólann í Reykjavík til að tryggja næsta skólaár í Öskjuhlíð.

KDP falið að ljúka frágangi samnings og undirrita hann.

Bak-Hjallar ehf

4. Loftgæði Barnaskólans í Hafnarfirði

Samkvæmt áætlun Teknik verkfræðistofu nemur heildarkostnaður við verkið kr. 42.656.125 án vsk. Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir að verkinu verði skipt í þrjá hluta. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga nú í sumar er kr. 14.062.907 án vsk.

Stjórn samþykkir fjárheimildir til fyrsta áfanga á þessu skólaári.

Hjallastefnan - leikskólar ehf

5. Framtíðarstaðsetning Leikskólans Öskju

KDP kynnti að í lok könnunarviðræðnanna við Reykjavíkurborg um framtíð Barnaskóla Hjallastefnunnar hafi verið bent á nýbirtar tillögur frá verkefnahópi borgarinnar, Brúum bilið, um staðsetningar fyrir leikskóla í Reykjavíkurborg. Lýsti HJ því yfir að Hjallastefnan myndi sækjast eftir að



Hjallastefnan

reka og taka þátt í hönnun leikskóla á Nauthólsvegi 81. Samþykkt að HJ fylgi þessu eftir í erindinu til borgarráðs.

6. Önnur mál

- a. MPÓ kynnti samantekt um árangur barnaskóla Hjallastefnunnar sem verður hluti af erindinu til borgarráðs, og bað stjórn að rýna þær.

Fundi slitið kl. 17:36

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is